

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

6. gr. breytist og verður í heild svohljóðandi:

Til að hefja nám við lagadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Þá nægir lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) til inngöngu í lagadeild. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut eða jafngilt nám, með áherslu á kunnáttu og færni í íslensku máli.

2. gr.

15. gr. breytist og verður í heild svohljóðandi:

Til að hefja nám við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) nægir til inngöngu í deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, enda hafi viðkomandi stundað nám sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í hug- eða félagsvísindum. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

3. gr.

16. gr. breytist og verður í heild svohljóðandi:

Til að hefja nám við guðfræði- og trúarbragðafræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) nægir til inngöngu í guðfræði- og trúarbragðafræðideild, enda hafi viðkomandi stundað nám sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í hug- eða félagsvísindum. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut, með áherslu á íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði og greinar félagsvísinda.

4. gr.

17. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Til að hefja nám við íslensku- og menningardeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) nægir til inngöngu í íslensku- og menningardeild, enda hafi viðkomandi stundað nám sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í hug- eða félagsvísindum.

Til að hefja nám til BA-prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta þarf stúdent ennfremur að standast lágmarkskröfur á stöðuprófi sem haldið er fyrir upphaf hvers háskólaárs. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

5. gr.

18. gr. breytist og verður í heild svohljóðandi:

Til að hefja nám við sagnfræði- og heimspekideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) nægir til inngöngu í sagnfræði- og heimspekideild, enda hafi viðkomandi stundað nám sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í hug- eða félagsvísindum. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

6. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. maí 2009.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2009